

# Dagskrá Húnavöku 2011 á Blönduósi



## Föstudagur 15. júlí

14:00 – 17:00 Bókamarkaður í Héraðsbókasafninu.

17:00 - 19:00 Diskó-sund fyrir krakka í sundlauginni. Yngri en 10 ára þurfa að vera í fylgd með fullorðnum (afmælisdagur gildir).

20:30 Tenórarnir tveir og allir hinir í Félagsheimilinu. Norðvestur-tenórarnir Hjalti Jónsson og Óskar Pétursson ásamt Láru Sóleyju Jóhannsdóttur og hljómsveit. Miðaverð kr. 3.000. Forsala og borðapantanir á Pottinum í síma 453 5060. Aldurstakmark 18 ár.

23:00 Veistu hver ég var - 80's ball með Sigga Hlö í Félagsheimilinu. Miðasala við innganginn. Miðaverð kr. 1.500. Gestir á tónleikunum fyrr um kvöldið þurfa ekki að greiða aðgangseyri. Aldurstakmark 18 ár.

## Laugardagur 16. júlí

09:00 – 17:00 Flugklúbbur Blönduóss býður upp á útsýnisflug. Verð kr. 2.000 á mann. Pantanir hjá Kristmundi s: 856-1106 eða krissi@centrum.is.

10:00 – 17:00 Heimilisiðnaðarsafnið opið ásamt Sumarsýningu safnsins.

10:30 - 12:00 Áheyrnarprufur í Míkróhúninum, söngkeppni barna og unglunga, á útisviðinu við Félagsheimilið. Skráning á staðnum.

11:00 Blönduhlaup USAH. Nánari upplýsingar á [www.hlaup.is](http://www.hlaup.is).

12:00 Athöfn í Íþróttahúsinu þar sem fyrstu spörin verða tekin í 45 m langan refil, er segir sögu Vatnsdælinga um og eftir landnám.

13:00 - 16:00 **Fjölskylduskemmtun við Félagsheimilið:**  
Verðlaunaafhending fyrir Blönduhlaup USAH  
Töframaðurinn Bjarni  
Björgvin Franz og félagar úr Stundinni okkar  
Míkróhúnninn, söngkeppni barna og unglunga  
Barnaleiktæki og hoppkastalar  
Félagar í bifhjólaklúbbnum Smaladrengrjum mæta á svæðið  
Markaðstorg

14:00 – 17:00 Bókamarkaður í Héraðsbókasafninu.

16:00 - 18:00 Hvöt/Tindastóll - Höttur á Blönduósvelli í 2. deild Íslandsmóts karla í knattspyrnu.

20:00 - 22:00 **Kvöldvaka í Fagrahvammi:**  
Töframaðurinn Bjarni  
Hundur í óskilum  
Fegrunarverðlaun Blönduósbæjar  
Verðlaun fyrir skrautlegustu götuna á Húnavöku  
Sigurvegarar úr söngkeppni barna og unglunga syngja  
Félagar úr Björgunarfélaginu Blöndu tendra varðeld  
Ingó  
Bakkasöngur og fjöldakassagítarleikur

22:00 – 00:00 Bjartmar Guðlaugsson með tónleika í Félagsheimilinu. Miðaverð kr. 1.500. Aldurstakmark 18 ár.

23:00 - 03:00 Stórdansleikur í Íþróttahúsinu – Ingó og veðurguðirnir ásamt Björgvini Halldórssyni. Forsala í anddyri Félagsheimilisins milli kl. 13:00 og 15:00 samdægurs. Miðaverð kr. 3.000. Aldurstakmark 16 ár.

## Sunnudagur 17. júlí

10:00 Golfklúbburinn Ós - Opna Gámaþjónustumótið. Skráning á [www.golf.is](http://www.golf.is).

10:00 – 17:00 Heimilisiðnaðarsafnið opið ásamt Sumarsýningu safnsins. Kl. 14:00 hefst sýning á handbragði fyrri tíma og kl. 15:00 verður tíkusýning.

11:00 – 17:00 Spurningakeppni fyrir krakka í Hafissetrinu. Þátttakendur geta komið hvenær sem er á tímabilinu.